

Golftrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

Sameiginlegir skilmálar 4

1. gr.	Vátryggður.....	4
2. gr.	Hvar gildir vátryggingin?.....	4
3. gr.	Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar.....	4
4. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu.....	5
5. gr.	Vátryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar.....	5
6. gr.	Tilkynning um tjón.....	5
7. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning.....	6
8. gr.	Ráðstafanir til varnar tjóni.....	6
9. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	6
10. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði.....	6
11. gr.	Brot á varúðarreglum.....	6
12. gr.	Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun.....	6
13. gr.	Aukin áhætta.....	7
14. gr.	Tvítrygging.....	7
15. gr.	Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.....	7
16. gr.	Endurkröfuréttur.....	7
17. gr.	Ágreiningur.....	7
18. gr.	Varnarþing.....	7

Ábyrgðartrygging 8

1. gr.	Hvað bætir vátryggingin?.....	8
2. gr.	Hvenær eru menn skaðabótaskyldir? - Málsmeðferð.....	8
3. gr.	Tjón, sem fjölskylda vátryggðs verður fyrir.....	8
4. gr.	Tjón á munum í vörslu vátryggðs o.fl.....	8
5. gr.	Vátryggingartími.....	9
6. gr.	Vátryggingarfjárhæð.....	9
7. gr.	Eigin áhætta vátryggðs.....	9
8. gr.	Óhappatrygging – bætur umfram lagaskyldu.....	9

Slysatrygging 9

1. gr.	Gildissvið vátryggingarinnar.....	9
2. gr.	Dánarbætur.....	10
3. gr.	Rétthafi dánarbóta.....	10
4. gr.	Bætur vegna varanlegs líkamstjóns.....	10
5. gr.	Bætur við tímabundinn missi starfsorku.....	11
6. gr.	Bætur vegna tannbrots.....	11
7. gr.	Sjúkrakostnaður.....	11
8. gr.	Undanskildar áhættur.....	11

9. gr.	Takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o.fl.	11
10. gr.	Ráðstafanir vegna slyss	12
11. gr.	Vísitölubinding bótafjárhæða	12

Golfbúnaðartrygging 12

1. gr.	Vátryggingarsvið.....	12
2. gr.	Vátryggingin tekur ekki til	12
3. gr.	Ákvæði um tjónagreiðslur	13
4. gr.	Eigin áhætta	13
5. gr.	Vátryggingarfjárhæðir.....	13

Viðauki við Golftrygginguna - Hóla í höggi 13

Fyrsti kafli - Sameiginlegir skilmálar

1. gr. Vátryggður.

Í vátryggingarskírteini kemur fram hver er vátryggður við golfiðkun.

2. gr. Hvar gildir vátryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

3. gr. Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar

Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Endurnýjun og uppsögn

Vátrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins.

Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingarskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

Réttur félagsins til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
2. Ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.
3. Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör vátryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. vátryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. vátryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

5. Ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. Félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar.
 - b. Það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

7. Ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004..

4. gr. Iðgjaldið – Gjaldalagi – Vanskil – Uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjaldalagi þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjaldalagi á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin niður þegar í stað, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004. Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins váttryggða greitt út við altjón og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds..

5. gr. Váttryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar

Í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun er getið um váttryggingarfjárhæðir og fjárhæð eigin áhættu. Þær fjárhæðir fylgja þróun verðlags í landinu og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá upphafsdegi váttryggingartímabilsins.

Fjárhæð iðgjalds váttryggingarinnar breytist með sama hætti í samræmi við váttryggingarfjárhæðina eins og hún er á endurnýjunardegi váttryggingarinnar.

Tjón bætast í samræmi við þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Hið sama gildir um eigin áhættu. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

6. gr. Tilkynning um tjón

Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir er hann fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa sem ætla má að váttryggingin nái til verði gerð á hendur honum.

Innbrot, þjófnað og rán skal jafnframt tilkynna til lögreglu þegar í stað með ósk um rannsókn. Verði þjófnaður erlendis, skal skýrsla lögreglu á staðnum fylgja tjónstilkynningu til félagsins.

Þegar um þjófnað er að ræða verður váttryggður að sanna að hann hafi átt sér stað. Félagið greiðir ekki bætur þegar váttryggður hefur gleymt hlut, týnt honum eða farið þannig með að við missi mætti búast.

Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

7. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa vátryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004.

8. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

Þegar vátryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, skal vátryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækkun eða missi bóta, sbr. lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. eða 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 3. gr. skilmála þessara.

10. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði

Ásetningur

Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. eða 89. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

11. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttænisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta úr vátryggingunni að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

Hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

Í slysatryggingu er heimild til þess að fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta háð því að vátryggður hafi af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 90. gr. lagánr. 30/2004.

12. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur vátryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vátryggðs úr Golftryggingu vegna samsvarandi háttsemi maka

vátryggðs sem býr með honum og manns sem hinn vátryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. b. liður 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

13. gr. Aukin áhætta

Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina vátryggðu áhættu. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. eða 88. gr. laga nr. 30/2004.

14. gr. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir sem vátrygging þessi tekur til eru einnig vátryggðir með annarri vátryggingu getur vátryggður valið úr hvaða vátryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt vátryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

Ákvæði þetta gildir ekki um slysatryggingu.

15. gr. Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófriðaráttökum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, uppþoti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:

1. Jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis;
2. Geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra;
3. Hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.

Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efnamengun vegna hvers konar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orsaka.

Hryðjuverk merkir hér verknað, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framinn er í stjórnmalalegum eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings.

Mengun merkir hér, spillingu, eitrun eða hindrandi og/eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum.

Félagið bætir ekki tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara. Tjón vegna náttúruhamfara eru bætt af Viðlagatryggingu Íslands.

16. gr. Endurkröfuréttur

Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur. Vátryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

17. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

18. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ábyrgðartrygging

Gildissvið váttryggingarinnar

1. gr. Hvað bætir váttryggingin?

Skaðabótaskylda að lögum:

Félagið váttryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum við golfiðkun, hvort sem er í keppni eða við æfingar fyrir keppni enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum, þar með taldar fasteignir og dýr og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

2. gr. Hvenær eru menn skaðabótaskyldir? - málsmeðferð

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn bótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla og er hún grundvallarregla í íslenskum lögum eða réttarvenju. Ef sá sem sóttur er til greiðslu bóta á ekki sök á tjóninu ber hann yfirleitt ekki bótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða skaðabætur fyrir váttryggðan ef hann hefur bakað sér bótaábyrgð (að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera það sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar) og einnig að greiða kostnað sem váttryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð að lögum er oft flókið álitaefni ber váttryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína sé hann krafinn bóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er honum bent á að lesa eftirfarandi ábyrgðartryggingarskilmála með þetta í huga.

Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt á hættu að þurfa sjálfur að greiða bætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

Er bótakrafa kemur fram á hendur váttryggðum á því sviði sem váttryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn ef til hennar kemur. Komi til dómsmáls sem varðar váttryggingu þessa og félaginu er einu stefnt, getur félagið krafist þess að málshöfðun sé einnig beint gegn váttryggðum. Félagið áskilur sér rétt til þess að fara með málið fyrir váttryggðan.

Undanskildar áhættur

3. gr. Tjón, sem fjölskylda váttryggðs verður fyrir

Félagið bætir ekki tjón, sem fjölskylda váttryggðs verður fyrir. Til fjölskyldu váttryggðs teljast maki (sambúðarmaki) váttryggðs, börn og annað skyldulið, enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.

4. gr. Tjón á munum í vörslu váttryggðs o.fl.

Váttryggingin tekur ekki til skemmda á munum eða glötunar muna, sem váttryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna, sem váttryggður hefur tekið í heimildarleysi.

Nánari afmörkun gildissviðs vátryggingarinnar

5. gr. Vátryggingartími

Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks, sem verður áður en vátryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum.

Vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta

6. gr. Vátryggingarfjárhæð

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð, sem greind er í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök, teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar. Ábyrgð félagsins á hverju vátryggingartímabili takmarkast einnig við fyrrgreinda vátryggingarfjárhæð. Þetta gildir, þótt fleiri en eitt tjónsatvik verði á árinu.

Félagið greiðir kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu vátryggðs eða bótafjárhæð. Sama gildir um vexti sem vátryggður er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu. Vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Um vexti af bótakröfum fer samkvæmt því sem segir í 50. gr. laga nr. 30/2004., sbr. og 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Um dráttarvexti gilda reglur III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta, er svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

7. gr. Eigin áhætta vátryggðs

Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur 10% í eigin áhættu, en með lágmarki og hámarki, sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu, greiðir félagið ekki heldur kostnað, þó að krafan og kostnaðurinn samanlagt verði meiri en fjárhæð eigin áhættu.

Óhappatrygging

8. gr. Óhappatrygging – bætur umfram lagaskyldu

Tjón sem vátryggður kann að valda á mönnum eða munum við golfiðkun á golfvelli eða á æfingasvæði við golfvöll eru bætt án tillits til skaðabótaskyldu að lögum. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það.

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð, sem greind er í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Ef önnur vátrygging tekur til tjóns skv. þessari grein um óhappatryggingu stofnast ekki bótaréttur sbr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Ákvæði kafla um ábyrgðartryggingu eiga að öðru leyti við um óhappatryggingu eftir því sem við getur átt.

Slysatrygging

1. gr. Gildissvið vátryggingarinnar

Félagið greiðir bætur vegna slyss sem vátryggður kann að verða fyrir við golfiðkun.

Með orðinu “slys” er hér átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

2. gr. Dánarbætur

Valdi slys dauða váttryggðs innan eins árs frá slysdegi greiðist réttihafa bóta váttryggingarfjárhæð sú sem var í gildi á slysdegi, sbr. þó ákvæði í skilmálanum um vísitölubindingu, að frádragnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr.

Sé váttryggður á dánardegi yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára er fjárhæð dánarbóta 25% af grunnfjárhæð dánarbóta sem fram kemur á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

3. gr. Réttihafi dánarbóta

Maki eða sambúðarmaki er réttihafi dánarbóta. Ef váttryggður lætur ekki eftir sig maka/sambúðarmaka fellur váttryggingarfjárhæðin til erfingja váttryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

4. gr. Bætur vegna varanlegs líkamstjóns

Valdi slys varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að það varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi, sbr. þó ákvæði í skilmálanum um vísitölubindingu.

Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

Vegna 100% örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega.

Lægri varanleg örorka en 10% bætist ekki.

Sé váttryggður 70 ára eða eldri verða váttryggingarfjárhæðir eftirtaldir hundraðshlutar af hámarks váttryggingarfjárhæðum:

70 ára 90%

71 árs 80%

72 ára 70%

73 ára 60%

74 ára 50%

75 ára 40%

76 ára 30%

77 ára og eldri 20%

Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgt eftirfarandi reglum:

- 4.1. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
- 4.2. Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 4.3. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.

- 4.4. Ef slasaði deyr eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati.
- 4.5. Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

5. gr. Bætur við tímabundinn missi starfsorku

Valdi slys tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi er á slysdegi og tilgreind er á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma, sem er 4 vikur og svo lengi sem váttryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í 48 vikur og ekki fyrir tímabil að loknum þrem árum frá slysdegi.

Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

Félagið bætir ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af óskertri starfsorku.

Börn, yngri en 16 ára, eru ekki váttryggð gegn tímabundnum missi starfsorku. Sé váttryggður á aldrinum frá 67-70 ára á slysdegi miðast hámarksbætur vegna tímabundins missis starfsorku við 50% af grunnfjárhæð vikulegra bóta. Sé váttryggður á slysdegi 71 árs eða eldri, greiðast ekki bætur vegna tímabundins missis starfsorku.

Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

Félagið greiðir ekki bætur fyrir tímabundinn starfsorkumissi eftir að hann er orðinn varanlegur samkvæmt læknisvottorði eða örorkumati.

6. gr. Bætur vegna tannbrots

Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af örorkuváttryggingarfjárhæðinni vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu váttryggingarári við 7,5% af sömu fjárhæð.

Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar. Félagið bætir ekki heldur brot á tönnum sem ber að höndum þegar váttryggður matast.

7. gr. Sjúkrakostnaður

Félagið greiðir sannanlegan og nauðsynlegan sjúkrakostnað sem hlotist hefur af bótaskyldu slysi. Hámarksfjárhæð bóta vegna sjúkrakostnaðar og fjárhæð eigin áhættu er tilgreind á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

8. gr. Undanskildar áhættur

Félagið bætir ekki:

- Slys sem verður vegna matareitrunar, drykkjareitrunar eða neyslu nautnalyfja.
- Slys er váttryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið á milli ástands þessa og slyssins.
- Slys af völdum sýkingar af skordýrabiti eða -stungu.
- Slys vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.
- Slys af völdum hryðjuverka, vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

9. gr. Takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o.fl.

Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast ekki dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var fyrir þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þá að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem váttryggingin nær til.

Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, lömum, bæklun, geðveiki, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklum.

Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi að váttryggður missti starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.

Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands Brjós-klos, þursabit (lumago ischias), liðagigt, slitgigt eða hvers konar aðrir gigtarsjúkdómar.

10. gr. Ráðstafanir vegna slyss

Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.

Deyi váttryggður af slysförum, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er. Félagið hefur rétt til að láta fara fram krufningu á líki hins látna. Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða váttryggðan. Þegar læknishjálpi lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar

Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr váttryggingunni. Í þessu felst, að félagið greiðir án sérstaks samþykkis fyrir hefðbundin læknisvottorð, svo sem áverkavottorð, einfalt vottorð um óvinnufærni og lokavottorð. Auk þessa greiðir félagið kostnað vegna annarra vottorða, sem félagið telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Jafnframt greiðir félagið fyrir mat á örorku skv. skilmálum þessum, þó ekki ef bersýnilegt er að örorka nái ekki tilskildu lágmarki. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannsaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

11. gr. Vísitölubinding bótafjárhæða

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysliverðs án húsnæðis á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á undan eins og hér segir:

- 11.1. Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til dánardags.
- 11.2. Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 11.3. Dagpeningar breytast á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi.

Golfbúnaðartrygging

1. gr. Váttryggingarsvið

- 1.1 Váttryggingin tekur til tjóns á golfbúnaði, svo sem kylfum, poka, vagni, fatnaði og skóm sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á váttryggingatímabilinu.

2. gr. Váttryggingin tekur ekki til

- 2.1 Tjóns sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða umsjón eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.
- 2.2 Tjóns sem verður þegar váttryggður gleymir hlut, (misleggur) eða tynir.
- 2.3 Tjóns sem seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- 2.4 Tjóns á munum sem stolið er úr ólæstum hýbílum, bílum, bátum eða tjöldum eða eru skildir eftir á almannafæri.

2.5 Tjón af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.

2.6 Hvers konar afleidds tjóns.

3. gr. Ákvæði um tjónagreiðslur

3.1 Verði skemmdir á búnaði sem unnt er að gera við greiðist eðlilegur viðgerðarkostnaður þannig að hann verði í sama ástandi og rétt fyrir tjónið.

3.2 Sé um altjón að ræða nema bæturnar núvirði búnaðarins eins og það var rétt fyrir tjónið að frádregnu verðmæti hins skemmda.

3.3 Með „núvirði“ er átt við kaupverð nýs búnaðar skömmu fyrir tjónið, en sú fjárhæð er síðan lækkuð hæfilega ef telja má að notagildi búnaðarins hafi rýrnað verulega vegna aldurs og notkunar.

3.4 Tjón telst vera altjón ef viðgerðarkostnaður er jafnhár eða hærri en tjónsfjárhæðin sem reiknuð var í gr. 3.2.

4. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber váttryggður þá fjárhæð í eigin áhættu sem getið er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

5. gr. Váttryggingarfjárhæðir

Hámarksbætur vegna hvers tjóns og hámarksbætur á váttryggingartímabilinu nema þeim fjárhæðum sem getið er á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Viðauki við Golftrygginguna

Hola í höggi

Ef váttryggður nær að slá holu í höggi greiðist sú fjárhæð sem getið er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun enda hafi neðangreind skilyrði verið uppfyllt:

- Leiknar hafi verið minnst 9 holur og með minnst einum meðspilara (vitni).
- Höggið verður að hafa verið það fyrsta sem slegið var af teig í átt að holu.
- Völlurinn verður að hafa fengið viðurkenningu frá GSÍ eða sambærilegum erlendum aðila. Váttryggingin gildir ekki ef leikið er á þar 3 velli eða á þekktum æfingavelli. Völlurinn þarf að vera minnst 4000 metra langur.
- Skorkort verður að hafa verið fyllt rétt út og undirritað ásamt nafni vallarins og dagsett.
- Tilkynna skal höggið til klúbbstjórnar eða starfsmanns vallarins.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015

[Efst á skjal](#)